

**Sp.**

**610. Tillaga til þingsályktunar**

[195. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ríkisábyrgð á láni vegna silungseldis í Búðaósi á Snæfellsnesi.

Frá fjárveitinganefnd.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita Gísla Indriðasyni, eiganda jarðarinnar Tjaldbúða, ríkisábyrgð á láni allt að 200 þúsund krónum til að koma upp eldisstöð fyrir sjósilung í Búðaósi á Snæfellsnesi.

**Greinargerð.**

Fyrir fjárveitinganefnd hefur legið umsókn frá Gísla Indriðasyni um fjárhagslegan stuðning, bæði styrk og ríkisábyrgð, til þess að koma upp sjósilungsrækt í Búðaósi á Snæfellsnesi. Gísli er eigandi jarðarinnar Tjaldbúða, sem á land að ósnum, en hinn hluti óssins tilheyrir jörðinni Búðum, sem er eign ríkissjóðs. Telur Gísli Indriðason, að fyrirhugaðar framkvæmdir hans muni á ýmsan hátt jafnt geta komið þeirri jörð til góða og Tjaldbúðum. Um þetta mál gerði veiðimálanefnd ályktun til búnaðarþings, og er hún prentuð hér með sem fylgiskjal. Á búnaðarþingi var málið til umræðu, og kom þar fram áhugi fyrir silungsrækt, eins og sjá má af ályktun, sem þingið gerði um málið. Þá má geta þess, að Alþingi hefur áður sýnt eindreginn áhuga í slíkum málum, sbr. veittan fjárhagslegan stuðning til að koma hér á fót eldi svonefnds regnbogasilungs, en hér er um engu ómerkari tilraun að ræða, þar sem er ræktun hins íslenska sjóbirtings, sem af sumum er nefndur grálax.

**Fylgiskjal.**

4. marz 1958.

Búnaðarþing, Reykjavík.

Á fundi veiðimálanefndar þann 1. þ. m. var rætt um beiðni Gísla Indriðasonar þess efnis, að nefndin sendi búnaðarþingi meðmæli með erindi, sem Gísli hefur lagt fyrir það. Er nefndin hafði kynnt sér málavexti, samþykkti hún eftirfarandi: „Veiðimálanefnd samþykkir að mæla með við búnaðarþing, að það veiti erindi Gísla Indriðasonar varðandi eldi sjósilungs í Búðaósi á Snæfellsnesi góða fyrirgreiðslu. Telur nefndin hér vera um merkt mál að ræða, sem mikla þýðingu geti haft fyrir nýja atvinnugrein í landinu, sem sé fóðrun og hirðingu silungs í eldisstöðvum til sölu á erlendum markaði. Nefnd atvinnugrein er orðin rótgróin erlendis, t. d. í Danmörku, og er þar mjög arðvænleg. Nefndin telur nauðsyn á, að undirbúningur allur undir stofnun og rekstur áður nefndrar eldisstöðvar verði sem bestur og að hann fari fram í samráði við veiðimálastjórnina.“

Virðingarfyllt,

f. h. Veiðimálanefndar,

Þór Guðjónsson.